

**62. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
28. júní 2017 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1705157 - Samráðshópur um málefni fatlaðra einstaklinga**

Velferðar- og mannréttindaráð Akraneskaupstaðar auglýsti eftir framboðum og/eða tilnefningum í samráðshóp um málefni fatlaðra á Akranesi. Ráðið mun skipa fimm fulltrúa í samráðshópinn og þrjá til vara. Þrír fulltrúar notanda, einn fulltrúi aðstandanda fullorðins notanda þjónustu Akraneskaupstaðar og einn aðstandandi barns. Samráðshópnum er ætlað að vera bæjarstjórn og ráðum Akraneskaupstaðar til ráðgjafar í málefnum fatlaðra, fylgjast með stefnumótun og þróun hugmyndafræði er varða þjónustu við fatlaða og gera tillögur að breytingum á þjónustu sveitarfélagsins, hafa samráð við þjónustuþega, hagsmunaaðila og íbúa í sveitarfélaginu um málefni fatlaðra. Framboð og tilnefningar hafa borist um fulltrúa til setu í starfshópnum.

*Velferðar- og mannréttindaráð tilnefndir eftirfarandi aðila í samráðshóp um málefni fatlaðra á Akranesi frá ágúst 2017 til og með júní 2018:*

*Freyr Karlsson*

*Borghildur Birgisdóttir*

*Böðvar Guðmundsson*

*Sigríður Margrét Matthíasdóttir*

*Sólveig Sigurðardóttir*

*Boðað verður til fyrsta fundar samráðshóps um málefni fatlaðra á Akranesi í september 2017. Formaður velferðar- og mannréttindaráðs mun sitja þann fund.*

**2. 1705145 - Samráðshópur um málefni íbúa af erlendum uppruna á Akranesi**

Velferðar- og mannréttindaráð Akraneskaupstaðar auglýsti eftir framboðum og/eða tilnefningum í samráðshóp um málefni íbúa af erlendum uppruna á Akranesi. Ráðið mun skipa fimm fulltrúa í samráðshópinn og þrjá til vara. Samráðshópnum er ætlað að vera bæjarstjórn og ráðum Akraneskaupstaðar til ráðgjafar í málefnum íbúa af erlendum uppruna, gera tillögu að breytingum á þjónustu sveitarfélagsins, hafa samráð við hagsmunaaðila og íbúa í sveitarfélaginu um málefni íbúa af erlendum uppruna. Framboð og tilnefningar hafa borist um fulltrúa til setu í starfshópnum.

*Velferðar- og mannréttindaráð tilnefndir eftirfarandi aðila í samráðshóp um málefni fatlaðra á Akranesi frá ágúst 2017 til og með júní 2018:*

*Stephen John Watt*

VG

Bakir Anwar Nassar  
Emilia Teresa Orllita  
Adriana Monika Malczyk  
Uchechukwu Michael Eze

Boðað verður til fyrsta fundar samráðshóps um málefni fatlaðra á Akranesi í september 2017. Formaður velferðar- og mannréttindaráðs mun sitja þann fund.

**3. 1503180 - Trúnaðarmál.**

Trúnaðarmál.

**4. 1706133 - Trúnaðarmál.**

Trúnaðarmál.

**5. 1706132 - Trúnaðarmál.**

Trúnaðarmál.

**6. 1706042 - Íbúðir í eigu Íbúðalánasjóðs á Akranesi**

Íbúðalánasjóður er um þessar mundir að hafa samband við sveitarfélög með það í huga að bjóða þeim til viðræðna um möguleg kaup þeirra fasteigna í eigu sjóðsins innan viðkomandi sveitarfélags. Á Akranesi eru eignir ILS 12 og nýttar með eftirfarandi hætti:

\*Í leigu, 5 eignir

\*Í sölu, 6 eignir

\*Í skráningu og annað, 1 eign

Velferðar- og mannréttindaráð frestaði afgreiðslu erindisins á síðasta fundi.

Velferðar- og mannréttindaráð telur þörf á að Akraneskaupstöður hafi yfir að ráða húsnæði fyrir skjólstæðinga sína. Ráðið vísar því til ákvörðunar bæjarráðs að skoða kaup á eftirtöldum íbúðum:

Garðabraut 2, Einigrund 8 eða Vallarbraut 7. Einnig verði kannað hvort aðrar íbúðir í almennri sölu geti mætt þeirri brýnu þörf sem upp er komin og þarf að leysa.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.**

Vilborg P. Guðbjartsd.

Gunnvildur B.

Júliana Þ. Guðadóttir

Eina Þ. Bryndis

Sveinþórunn Krúttól

Svala Ákrisdóttir